

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2014

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, 321. Mál (Lögð fyrir Alþingi á 144. Löggjafarþingi 2014-2015.)**

Norðurál ehf., fyrir hönd dótturfélaga sinna, Norðurál Grundartangi ehf. og Norðurál Helguvík ehf. (**Norðurál**) sendir hér með umsögn við framangreinda tillögu að þingsályktun (**tillagan**) sem hér á eftir fylgir.

Norðurál gerir alvarlegar athugasemdir við tillöguna og þá einkum þann hluta tillögunnar sem á við tölulið 1.3 og 1.4 varðandi viðmið og meginreglur sem lagðar skuli til grundvallar við uppbyggingu á dreifi- og flutningskerfi raforku. Er hér einkum vísað til þeirrar stefnu sem mörkuð er í tillögunni um lagningu landshluta- og meginflutningskerfi raforku með jarðstrengjum. Sömuleiðis gerir Norðurál alvarlegar athugasemdir við þá stefnu sem tillagan boðar um markmið hlutfall jarðstrengja í landshluta- og meginflutningskerfi raforku.

Athugasemdir Norðuráls við tillöguna eru að meginstöfum eftirfarandi hvað varðar tillöguna:

- a) **Áætlaður kostnaður:** Hvergi í tillögunni eða í þeim gögnum sem liggja henni til grundvallar hefur verið leitast að áætla þann kostnað sem af tillögunni hlýst með nokkurri nákvæmni. Hefði þó verið rík ástæða til þess að að meta slíkan kostnað sem er grundvallarbreyta við ákvörðun þess hvernig flutningskerfi raforku verður háttað í framtíðinni, að teknu tilliti til þess að samkvæmt gildandi löggjöf er slíkur kostnaður lagður á notendur raforkunnar.

Ljóst er hins vegar að slíkt kostnaðarmat hlýtur að teljast ákvörðunarástæða þess að ályktað verði yfir höfuð um þau stefnumarkmið og hlutföll sem koma fram í tillögunni til framtíðar. Rétt er að taka fram hér sérstaklega að kostnaður mun deilast hlutfallslega á alla notendur raforku í landinu þar með talið smærri fyrirtæki og heimili, en þó fyrst og fremst á stórnotendur munu bera þungann af slíkum kostnaði miðað við núverandi löggjöf um flutning raforkunnar.

- b) **Rekstraröryggi og afhending:** Í athugasemdum við tillöguna er að finna að í vissum tilvikum, svo sem ef um er að ræða línur þar sem veðurálag sé mikið svo sem vegna Ísingar geti jarðstrengir tryggt öruggari afhendingu til notenda. Þótt Norðurál telji að slíkt geti átt við í undantekningartilfellum, verður ekki hjá því komist að gera alvarlegar athugasemdir við að hvergi er að finna í tillögunni nokkra greiningu eða úttekt á því hvaða áhrif aukinn hluti jarðstrengja muni hafa á afhendingu og rekstraröryggi notenda. Ljóst er ef bilun verður í jarðstreng að

almennt tekur það margfalt lengri tíma að staðsetja slíka bilun og lagfæra, heldur en þegar um loftlínu er um að ræða, með tilheyrandi rofi á rafmagni til notenda.

Rekstur Norðurláls og annarra stórnotenda sambærilegra, er sérlega viðkvæmur fyrir því að afhending raforku raskist, sem og það er til þess fallið að valda stórkostlegri röskun á rekstraröryggi þessara notanda. Líkur á því að þeir verði fyrir stórfelldu tjóni margfaldast því eftir því sem rekstraöryggi er ógnað með ótryggari afhendingu raforku. Með vísan til framangreinds telur Norðurlál að hagsmunir allra notenda rafmagns séu verulega fyrir borð bornar í þeirri tillögu sem nú liggur fyrir Alþingi.

- c) **Hlutföll strengja:** Norðurlál gerir athugasemd við þau markmið að hlutföllum jarðstrengja sem er að finna í tillögunni þar sem meðal annars er gert ráð fyrir að hlutfall jarðstrengja í landshluta- og meginflutningskerfi raforku eigi að nema 80% árið 2035. Að mati Norðurláls er þetta hlutfall óraunsætt og verður varla náð nema með því að úrelða fullkomlega nothæfar loftlínur áður en eðlilegum endingartíma þeirra er náð og það á kostnað notenda og þá fyrst og fremst stórnotenda. Er því í tillögunni opnað á stórkostlega verðmætasóun í því að úrelða nothæf flutningskerfi og það án þess að knýjandi þörf komi þar fyrir. Aftur er ekki að finna neins konar hlutlæga greiningu í tillögunni á eðlilegri endurnýjunarþörf raforkukerfisins, sem brýn nauðsyn stendur til, áður en nokkrum hlutföllum er slegið föstu um markmið jarðstrengja eða loflína í meginflutnings- og landshlutakerfi raforku.

Með vísan til, meðal annars, þeirra atriða sem hér eru rakin að framan er það mat Norðurláls að tillagan í núverandi formi sé haldin slíkum meinbugum að rétt sé að hún nái ekki fram að ganga sem þingsályktun. Norðurlál telur að athugasemdir megi gera við ýmsa aðra þætti tillögunnar og þau gögn sem liggja henni til grundvallar, en reifar hér fyrst og fremst þá þætti sem strax eigi að leiða til þess að synja eigi tillögunni.

Rétt sé hins vegar að þau atriði sem hér að framanverðu eru reifuð séu könnuð og metin með hlutlægum hætti og í framhaldinu verði frekari vinna lögð í stefnumörkun á slíkum grundvelli, og þá með virku samráði þeirra notenda sem verulega hagsmuni eiga undir því hvernig flutningskerfi í framtíðinni sé háttáð og á grundvelli slíkrar vinnu verði framhaldið ákvarðað.

Í þessu sambandi bendir Norðurlál sérstaklega á þau viðmið sem höfð eru til grundvallar í Noregi væri æskilegt að kanna frekar með athugun á því hvort þau gætu verið ákjósanlegur grunnur að stefnu stjórnvalda í lagningu raflína.

Fyrir hönd Norðurláls

Ragnar Guðmundsson,

forstjóri